

L Ö G

13
23. júní

um

ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskóla Íslands.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Í sambandi við landsspítalann í Reykjavík skal vera ljósmæðra- og hjúkr-
unarkvennaskóli.

2. gr.

Stjórn landsspítalans hefir á hendi stjórn skólans.

3. gr.

Skólinn skal vera í tveimur deildum, ljósmæðradeild og hjúkrunar-
kvennadeild, og er námið í báðum deildum bæði bóklegt og verklegt.

Námstími í ljósmæðradeildinni er eitt ár. Yfirlæknir og yfirljósmóðir fæð-
ingaradeildar landsspítalans skulu vera aðalkennarar ljósmæðradeildarinnar, og
þar fá ljósmæðraefnin hina verklegu tilsögn. Einnig má ráða eina eða fleiri
ljósmæður í Reykjavík til að taka ljósmæðraefnin til skiptis með sér út í bæinn,
til þess að þau kynnist þar ljósmóðurstörfum í heimahúsum.

Námstími í hjúkrunarkvennadeildinni er 3 ár. Yfirlæknar og yfirhjúkr-
unarkona landsspítalans skulu vera aðalkennarar hjúkrunarkvennadeildarinnar.
Í hinum ýmsu deildum landsspítalans, hinum öðrum ríkisspítölum og stærri
sjúkrahúsum landsins fá hjúkrunarkvennaefnin hina verklegu tilsögn. Yfirlækn-
ar annast kennslu við hjúkrunarkvennadeildina án sérstakrar aukapóknunar.

4. gr.

Tala nemenda ljósmæðradeildarinnar skal að jafnaði ekki vera hærri
en 12.

Tala nemenda hjúkrunarkvennadeildarinnar skal að jafnaði ekki vera
hærri en nemi tveimur á hverja fulllærða hjúkrunarkonu í þeim sjúkrahúsum,
þar sem þeim er séð fyrir verklegri tilsögn.

13

23. júní

5. gr.

Nemendur ljósmæðradeildarinnar fá styrk úr ríkissjóði, sem stjórnarráðið ákveður, allt að því, að hann nemi fæðiskostnaði þeirra, meðan þær eru við námið. Fæðið leggur landsspítalinn til með kostnaðarverði, en húsnæði með ljósi og hita, vinnuföt og þjónustu ókeypis. Styrkurinn greiðist mánaðarlega, og skal hann að jafnaði vera bundinn því skilyrði, að ljósmæðraefnin hafi skuldbundið sig til að þjóna ljósmóðurumdæmi að afloknu prófi og gegna því ekki skemur en 3 ár samfleytt, nema sérstök forföll banni, en endurgreiða styrkinn að öðrum kosti.

Nemendur hjúkrunarkvennadeildarinnar hafa ókeypis vist og vinnuföt í sjúkrahúsum þeim, er þeir starfa í, en laun eftir því sem um semst.

6. gr.

Ríkissjóður leggur fram styrk til skólans, er nema má allt að 4000 kr. á ári.

7. gr.

Stjórn skólans semur reglugerð fyrir skólann, sem stjórnarráðið staðfestir.

Í reglugerðinni skal gera grein fyrir:

1. Inntökuskilyrðum, og má krefjast inntökuprófs í almennum fræðum eða sérstaks undirbúningsnáms.
2. Tilhögun kennslunnar.
3. Tilhögun prófa.
4. Kjörum nemendanna.
5. Þóknun til kennara.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og eru jafnframt úr gildi felld lög um ljósmæðraskóla í Reykjavík, nr. 49, 4. júní 1924.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborgarhöll, 23. júní 1932.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.